ÁRSSKÝRSLA

Björgunarfélags Vestmannaeyja

Starfsárið

2018– 2019

Skýrsla stjórnar Björgunarfélags Vestmannaeyja starfsárið 2018-2019.

Hér á eftir fer skýrsla stjórnar yfir helstu atburði líðandi starfsárs Björgunarfélags Vestmannaeyja. Þetta starfsár skipuðu eftirfarandi meðlimir stjórn félagsins:

Formaður: Arnór Arnórsson.

Varaformaður: Arnar Ingi Ingimarsson.

Gjaldkeri: Sigurður Þórir Jónsson

Ritari: Sindri Valtýsson.

Meðstjórnandi: Reynir Valtýsson.

Varamenn í stjórn: Eyþór Þórðarson og Guðmundur Hafþór Björgvinsson

Stjórn félagsins hélt á þessu starfsári 15 stjórnarfundi og 1 félagsfund.

Félagið hélt upp á 100 ára afmæli á árinu með veisluhöldum sem við getum verið mjög stolt af. Þann 1 September var nóg um að vera hjá okkur, en haldið var opið hús þar sem mikill fjöldi félagsmanna og Vestmannaeyinga mættu og skoðuð húsið hjá okkur eftir breytingar og fengu kaffi og með því. Varðskipið Þór kom í höfn hjá okkur til að njóta dagsins með okkur og svo var veisla um kvöldið, haldin í höllinni þar sem nánast öll stjórn SL var með okkur, Forseti Ísland kom einnig sem og áhöfn þyrlunnar sem skutluðu forsetanum og öðrum veislustjóranum.

Minnisvarðinn af Þór var tekinn í gegn á árinu. Þar fór Sigurður Þ. Jónsson með verkstjórn og kunnum við honum og hans mönnum bestu þakkir. En verkefnið var styrkt af Skipalyftunni og Sigurði Georgssyni.

Miðvikudagskaffið er á sínum stað kl 9:30 í skátaheimilinu og er mæting yfirleitt með ágætum, en við þurfum að finna því fastari skorður, en eitthvað hefur borið á því á árinu að ekkert meðlæti sé með kaffinu.

Arnór, Guðmundur, Reynir og Sindri fóru á fulltrúaráðsfundinn sem haldin var í Háskólanum í Reykjavík þann 24 nóvember 2018 þar sem farið var yfir Fjárhagsáætlun SL, lagabreytingar og 90 ára afmæli Slysavarnafélags Íslands svo eitthvað sé nefnt.

Fjáraflanir á árinu gengu vel, flugeldasalan gekk nokkuð vel, örlítill samdráttur varð í sölunni en neyðarkallasalan gekk vel, hátt í 700 litlir kallar og 20 stórir kallar seldir. Jens Kristinn sá um söluna á stóru köllunum og þökkum við honum hans framlag í þessum málaflokk.

Almannavarnanefnd hélt nokkra fundi í húsinu okkar en einnig er nefndin farin að funda á lögreglustöðinni. Eftir nýliðnar bæjarstjórnarkosningar urðu breytingar á nefndinni þar sem í vantaði formann

Björgunarfélagsins, en þegar að það varð ljóst, strax á fyrsta bæjarstjórnarfundi, sýndi félagið hversu öflugt það er og var því fljótlega kippt í lag. Og ber að þakka þeim félögum sem börðust í því með okkur.

Adolf var eins og undanfarin ár starfsmaður hjá okkur í desember og janúar, og munar miklu á því fyrir okkur.

Húsið er á lokasprettinum og vantar herslumuninn að ná að klára það, en einnig er komið að viðhaldi, svo sem að skipta út ljósum í bílskúrnum og fleira.

Gott samstarf hefur verið við skátana undanfarin ár og ekkert bendir til breytinga þar á, öflugt skátastarf er í gangi og er Frosti að gera góða hluti þar.

Útköllin voru nokkuð hefðbundin þetta árið. Óveðursútköll og ýmiskonar verkefni á Þór. Einnig fór hópur og leysti Björgunarsveitina Kára í Öræfum af, þriðja árið í röð, er þetta skemmtilegt verkefni sem þjappar hópnum saman. En ekkert verkefni hefur þó orðið á okkar vakt þar enþá.

Skorið var á Eykyndil, harðbotna bátinn okkar við bryggju og hlaust töluvert tjón af því sem hefur verið bætt að fullu af tryggingarfélagi okkar og tjónvalds.

Eftir þetta tjón óskuðum við eftir læstu gönguhliði á bryggjuna þar sem Þór liggur, það hlið er komið upp en eftir á að klára læsingar partinn.

Eitthvað af búnaði var endurnýjað þetta árið, skipt var út VHF rafhlöðum og fjölgað Tetra stöðvum svo eitthvað sé nefnt.

Töluverður hópur sótti Björgun þetta árið, að sjálfsögðu var svo farið í keilu á laugardags kvöldinu þar sem formaðurinn sigraði með miklum yfirburðum.

Stjórn Björgunarfélags Vestmannaeyja þakkar félagsmönnum fyrir gott ár

Yfirlit úr aðgerðagrunni

Nafn	Hraði	Umfang	Aðgerð byrjaði	Heildarfjöldi
Lögregluverkefni	F4	Grænn	15.03.19	5
Óveður í eyjum	F3	Grænn	11.03.19	24
Óveður í eyjum	F2	Gulur	05.02.19	25
Bátur að sökkva svæði 18	F3	Grænn	25.01.19	16
Óveður svæði 18	F3	Gulur	31.12.19	17
Vestmannaeyjar Óveðursaðstoð	F2	Gulur	10.12.18	25
Æfing með þyrlunni	F4	Grænn	10.11.18	14
Brjóstverkur í Brandi	F1	Grænn	14.09.18	14
Vélarvana bátur	F3	Grænn	05.09.18	5
100 Ára afmæli BV. Sýning á aðgerðagrunni	F4	Grænn	01.09.18	0
Hlutur í sjó	F3	Grænn	07.08.18	5
Aðstoð á smábátabryggju	F2	Grænn	23.07.18	22
Maður í sjálfheldu	F3	Grænn	01.07.18	9

Bílamál.

Rekstur Lunda 1 (Econoline). Hefur verið með hefðbundnum hætti.

Rekstur Lunda 3 (Hiace). Hefur verið með hefðbundnum hætti. Allir kastarar á bílnum voru endurnýjaðir á árinu.

Rekstur Lunda 4 (Boxer). Var í meira lagi. Settur var nýr altinator í bílinn og bremsur lagaðar.

Rekstur Lunda 5 (Lyftari) Unnið var að endurnýjun á lyftara en ekki tókst að klára verkið á þessu starfsári.

Neyðarvörusala

Í fjölda ára hefur félagið selt neyðarvörur í skip og báta. Adolf hefur séð um hana þetta árið. Salan hefur gengið þokkalega og þökkum við Adolfi hans framlag í þessari sölu.

Neyðarkall

Sala á neyðarkallinum gekk vel þetta árið um 700 kallar seldust sem er aðeins meira en í fyrra, 20 stórir neyðarkallar seldust sem er örlítil aukning.

Gjafir og áheit.

Töluvert var um gjafir og styrki á árinu í tilefni af 100 ára afmæli félagsins.

Skipalyftan gaf okkur SDS batterýis borvél til notkunar í fjallabjörgun.

Skátafélagið Faxi gaf okkur grjónadýnu.

Hjálparsveit Skáta Garðabæ gaf okkur Hjálm.

Slysavarnadeildin Eykyndill gaf okkur gjafabréf uppí 4 flotgalla um borð í Eykyndil.

Slysavarnarfélagið Landsbjörg gaf okkur conterra skyndihjálpartösku auk sjópoka.

Vestmannaeyjabær styrkti okkur um 1.milljón .

Þórður Rafn Sigurðsson og Inga Eymundsdóttir styrktu okkur um 1.milljón.

Verðandi styrkti okkur um 1.milljón.

Fjölskylda Eyglóar Kristinsdóttur og Gríms Guðnasonar styrktu okkur um 800.000.kr til búnaðarkaupa.

Kvennfélagið Líkn styrkti okkur um 500.000.kr.

Óli Lár færði okkur fyrsta peningakassa HSV til varðveislu.

Hlaðbær Colas gaf okkur malbik og vinnu við lagningu á því að andvirði 1.000.000.kr

Ásamt fullt af fleiri mjög góðum styrkjum og gjöfum

Hljóti allir bestu þakkir fyrir.

Flugeldamál

Flugeldasalan á árinu allt í lagi, var aðeins slakari en árið á undan. Við vorum með einn sölustað og var uppsetning hans með aðeins breyttum hætti, salan í kjallaranum færðist í nýjasta bilið í bílskúrnum, gekk það ágætlega en þarf aðeins að slípa til. Mæting var mjög góð í söluna, en uppsetningin á búðinni er alltaf á sömu höndunum fárra manna og er það eitthvað sem má bæta. Eins og með allar fjáraflanir þá byggjast þær á félagsfólki og góðu skipulagi, þar er félagið vel sett.

Félagið sá um nokkrar flugeldasýningar þetta starfsárið, eins og vanalega voru þær stærstu á Þjóðhátíðinni. Kominn er góður kjarni sem sér um þessi mál fyrir okkur en verið er að vinna í að fjölga þeim hægt og rólega. Nýja skotborðið er búið að sanna sig en það einfaldar alla vinnu á skotstað. Nokkrar smærri sýningar voru fyrir ÍBV þetta starfssárið. Og svo höfum við verið með micro sýningar fyrir Þjóðhátíðarkvöld Einsa Kalda og Hallarinnar .

Húsnæði

Faxastígur 38

Enn eitt árið líður og framkvæmdum í húsinu er ekki lokið, en töluvert hefur þó áunnist í húsinu á liðnu ári. Búið er að uppfæra lyklakerfið. Búið er að setja upp handrið á stigann, svalirnar eru klárar, gengið var frá þakrennum á árinu, malbikaðir voru hátt í 200 fermetrar á bílaplani, mastrið var sett upp að nýju á árinu, fjölgað var skápum í búningaaðstöðu, sett var upp kerfisloft í aðstöðuna hjá frumherja og steypt var plan við hurðina á geymslunni/flugeldalagernum sem auðveldar aðkomu með flugelda inná lager fyrir áramótin. Mannsi er einnig búinn að uppfæra tölvurnar sem og net og símkerfið fyrir okkur.

Húsaleiga

Frumherji bifreiðaskoðun hefur verið með bílskúrinn á leigu eins og undanfarin ár. Höfum við átt ákaflega gott samstarf við Frumherja og vonum við að því haldi svo áfram

Sjóbúð

Keyptir voru 15 skápar í sjóbúðina, sem ætlaðir verða undir einstaklingsbúnað félaga í tengslum við sjóbjörgun.

Félagsstarf

Miðvikudagskaffið gengur sinn vanagang, mætingin er mjög misjöfn allt frá 2-15 manns.
Eitthvað bar á því á árinu að ekkert var með kaffinu en það lagast vonandi á nýju ári.

Minni bátar

Slöngubáturinn Rabbi

Hefur verið í notkun á þessu starfsári og rekstur bátsins með hefðbundnum hætti.

Eykyndill

Hefur komið mjög vel út hjá okkur. Lentum í því síðasta sumar að skorin voru 2 göt á slönguna á honum, var slangan bætt til bráðabirgða fljótlega eftir atvikið og nú í byrjun árs komu svo starfsmenn frá framleiðanda í Póllandi og settu nýja slöngu á bátinn. Annað viðhald hefur verið með hefðbundnum hætti.

Búnaður.

Keypt voru nokkur sigbelti og hjálmar til að eiga kringum unglinga og nýliða starfið.

Auk þess voru keypt ný borð í kennslusalinn í kjallara.

Endurnýjuðum VHF rafhlöður og tetra mica.
Fjölguðum hand tetra stöðvum sem settar voru í stjórnstöð.

Skýrsla Björgunarbátasjóðs Vestmannaeyja

fyrir Aðalfund Björgunarfélags Vestmannaeyja 11. Apríl 2019

Útköll boðuð á Björgunarskipið Þór

F2- 23.07.2018 – Aðstoða lögreglu við smábátabryggju

F1- 14.09.2018 – Maður um borð í smábát með Brjóstverk við Brandinn

F3 - 07.11.2018 – Leit að manni í Reynisfjöru

F3 - 08.08.2018 – Torkennilegur hlutur sóttur í Kaplagjótu að beiðni Lögreglu

F3 - 25.01.2019 – Sjóslys – bátur að sökkva í innsiglingunni

Önnur verkefni og æfingar á Björgunarbátnum Þór

17.06.2018 - Sjósetning og prufa á Þór eftir slipptöku

02.08.2018 - Sóttir veðurtepptir úteyjingar í Suðurey

19.07.2018 - Þjónustutúr með jarðvísindarmenn í Surtsey

19.07.2018 - Þjónustutúr með vísindamenn í Elliðaey

21.07.2018 - Þjónustutúr í surtsey

01.09.2018 - Móttaka á varðskipinu Þór vegna 100 ára afmælis BV

14.10.2018 - Farið með Hóp Færeyjinga frá systursamtökum í siglingu

10.11.2018 - Þyrluæfing með Landhelgisgæslunni

22.12.2018 - Farið með fé fyrir rollubændur í Elliðaey

Um Starfsárið 2018-2019

- Árið 2018 hefur verið frekar rólegt ef miða á við síðustu ár á skipinu, farnir vor þrír Þjónustutúrar í júlí sem skiluðu smá tekjum fyrir sjóðinn. Framkvæmdir voru ekki miklar á árinu fyrir utan upptöku á skipinu vorið 2018. Þá kom þjónustumaður frá Maritime Partners til þess að skipta um bakborðs fender sem varð fyrir tjóni sumarið áður.
- Haldin var vel heppnuð þyrluæfing með þyrlusveit LHG sem unnin var í myrkri. Er það mat manna að æfingin hafi tekist vel til og nauðsynlegt sé að halda svona æfingar oftar með þyrlunum. Eftir æfinguna var ákveðið að fjárfesta í tveim AIS-MOB baujum sem koma sér vel í æfingum sem þessum þar sem fólk er í sjónum í myrkri.
- Þessar baujur koma sér einnig vel í leitum til að átta sig á reki hluta eða persóna í sjó.
- Tekið var höfðinglega á móti gestum okkar á 100 ára afmælishátíð félagsins þann 1. September og sigldum við á móts við varðskipið Þór sem kom sérstaklega til eyja við þetta tilefni.
- Í lok árs var farið með rollur í Elliðaey. Það hefur ávallt fylgt okkar starfi að aðstoða við úteyjarlífið í Vestmannaeyjum og er þetta stór partur af því. Með þessum ferðum skapast ómetanleg reynsla fyrir
- skipstjóra og áhöfn skipsins sem hefur sýnt sig að kemur sér mjög vel á neyðarstundu.



Endurnýjun Búnaðar

- Keyptar 6 handstöðvar til notkunar sem samskiptabúnaður áhafnarmeðlima um borð í þór sem og Eykindli. Stöðvunum komið haglega fyrir í brú Þórs

- Eftir að skorið var á nokkrar tuðrur þ.á.m Eykindil við smábátabryggjuna fór BV. fram á það við Vestmannaeyjarhöfn að komið yrði fyrir læstu hliði við aðkomuna að Þór. Var þetta erindi okkar samþykkt og var hliðið komið upp í lok sumars. Unnið er að því með sérfræðingum að koma fyrir sama lyklakerfi og er notast við í félaginu við hliðið. Þangað til er það ólæst en hefur gríðarlegan fælingarmátt

- Eftir útkallið í Lubbu VE hefur verið horft til þess að kaupa betri lensidælubúnað sem hentar betur í að dæla upp fyrir sig og auðvelt að koma fyrir. Er verið að fara yfir þessi mál og hvaða búnaður hentar best í þetta verkefni.

- AIS tækið í Þór var uppfært af þjónustu fyrirtæki þess og er skipið nú hætt að detta út úr ferilvökun í tíma og ótíma

- Búið er að endurnýja læsingar á skipinu og er til eitthvað aukalyklum ef starfandi meðlimir flokksins þurfa lykla. Eldri lyklar vikra ennþá

- Fjárfest var í 2 stk MOB AIS Baujum til notkunar í æfingum og leitum

Viðgerðir og viðhald

Í marsmánuði 2018 var Þór tekinn upp vegna tjónsins á bakborð fender. Var strax farið í það að panta varahluti að utan og kom viðgerðarmaður til landsins í byrjun maí mánaðar. Eftir viðgerðir og frágang var skipið aftur sett niður 16. maí

Gengið hefur verið frá greiðslu fyrir þessu tjóni af tryggingafélagi skipsins.

Komin er tími á að taka skipið upp fyrir sumarið og er vonast til að það verði stuttur slippur þar sem skipt verður um zink og skipið botnmálað. Fyrir liggur einnig fjárveiting úr viðhaldssjóði björgunarskipa slysavarnarfélagsins Landsbjargar um nokkra þætti sem varðar viðhaldsáætlun skipsins 2019

Áætlaður Viðhaldskostnaður 2019		
Heiti		**Isk**
Fært frá fyrra ári :		
Málingarvinna		522,000
Húðun		640,000
Endurnýjun ofna		121,000
Upptekt á dælum		350,000
Nýtt á áætlun :		
Endurnýjun Ljósa		300,000
Zink á skrokk og Jet		120,000
Samtals		2,053,000

Ársfundur Björgunarbátasjóða

Ársfundur Björgunarbátasjóða var haldinn í sjávarklasanum þann 16. Nóvember. Tveir aðilar frá Björgunarbátasjóð Vestmannaeyja á þann fund þeir Guðni Grímsson og Gunnlaugur Erlendsson. Helsta málefni fundarins var endurnýjun björgunarskipaflotans og þær aðgerðir sem félagið ætlar í til að safna fjármagni fyrir það verkefni.

Endurnýjun Björgunarskips fyrir

Björgunarfélag Vestmannaeyja

Á vormánuðum 2018 fór hópur mann frá BV til Póllands að skoða báta frá bátaframleiðandanum Technomarine.

Tveir félagar fóru einnig til framleiðanda núverandi björgunarskips félagsins dagana 25 og 26 júlí. Þar voru tveir bátar frá skipaframleiðandanum Maritime partners skoðaðir og vöktu þeir mikla hrifningu okkar. Er svo komið að við höfum farið í gegnum þróunarvinnu með þeim til að sníða bátinn að okkar aðstæðum og höfum undir höndum verðtilboð í slíkt skip. Nú sem stendur er í gangi vinna við fjármögnun á hugmyndum okkar og er það von okkar að eitthvað fari að skýrast um þau mál nú á vormánuðum. Einnig er í bígerð samstarfsverkefni um endurnýjum björgunarskipa með íslenska ríkinu og bíðum við átekta eftir niðurstöðum í því verkefni

Stjórn Björgunarbátasjóðs Vestmannaeyja 2018-2019 þakkar fyrir gott starfsár. Notkun á skipinu mætti hafa verið meiri og er það von okkar að skipið sem við eigum verði notað meira á komandi starfsári til æfinga og siglina

Einnig hvetur stjórn sjóðsins meðlimi til að sækja sér aukna menntun í sjóbjörgun og notfæra sér björgunarskóla SL sem og styrkjakerfi félagsins til aukinnar menntunnar og réttinda.

Stjórn Sjóðsins 2018 -2019

Guðni Grímsson
Gunnlaugur Erlendsson
Jens Kristinn Elíasson

Eyþór Þórðarson
Sigurður Þórir Jónsson

Fyrir hönd Björgunarbátasjóðs Vestmannaeyja
Guðni Grímsson

SKÝRSLA MINNINGARSJÓÐSINS.

FYRIR ÁRIÐ 2018-2019

Sala minningarkorta gekk vel á síðastliðnu ári. Þóra Egilsdóttir, Sigríður Magnúsdóttir og Emma Sigurgeirsdóttir sáu um söluna og hafi þær þökk fyrir.

Lög og reglur minningarsjóðsins eru á heimasíðu félagsins 1918.is

Stjórn sjóðsins skorar á félagsmenn og aðra að muna eftir sjóðnum er þeir þurfa að senda minningarkort. Símanúmerin er að finna á heimasíðu félagsins og í Eyjafréttum.

Stjórn minningarsjóðsins.

Sigríður Gísladóttir

Guðný Jensdóttir

Guðný Óskarsdóttir

Fræðslusjóður Djúpidalur

Stjórn sjóðsins hélt 1 fund á starfsárinu 2018-2019 vegna beiðni um styrki úr sjóðnum. Var hún afgreidda samkvæmt reglum sjóðsins. Félagsmenn eru hvattir til að muna eftir sjóðnum.

Hildur Björk Bjarkadóttir

Sigríður Gísladóttir

Vigdís Rafnsdóttir

Nýliðastarf veturinn 2018-2019

Þennan vetur sóttu 10 krakkar nýliðastarfið, 9 á fyrra ári og 1 á seinna ári. Í lok annarinnar standa þau 8. Nýliðarnir eru búnir að sýna mikinn áhuga um starfið, bæði á settum nýliðakvöldum og á almennu starfi sveitarinnar. Nýliðarnir hafa sótt nokkur námskeið síðastliðið ár þar má nefni: björgunarmaður í aðgerðum, öryggi við sjó og vötn, fjallamennska 1 (sú merkilega ferð), fjarskipti 1 og tetra fjarskipti og stefnum á að fara á leitartækni á morgun. Við nýliðaþjálfararnir erum mjög ánægðir með hópinn og hlökkum til að sjá þessa nýja félaga inn í sveitina og nýjan nýliðahóp inn eftir sumarið.

Nýliðaþjálfarar árið 2018-2019

Bjarki Ingason

Gísli Snær Guðmundsson

Iliyan Nikolaev Damyanov (Eiríkur)

Helgi Birkis Huginsson

Unglingadeildarstarf 2018-2019

Unglingstarfið hófst með yfir 30 unglingum í September, þar af höfðu nokkrir að þeim verið frá fyrra ári. nú erum um 15 krakkar sem sækja fundi öll mánudagskvöld og hafa öll mikinn áhuga á félaginu. Krakkarnir hafa verið mjög virk og hafa sýnt mikinn áhuga á starfinu. Starfsárið hjá krökkunum hefur verið mjög skemmtilegt og krakkarnir lært margt. Margt hefur verið brallað í vetur og höfum við kynnt þeim fyrir flest öllu sem tengist starfi félagsins, auk þess að hafa gaman og sprella saman. Vonum við að krakkarnir hafi haft jafn gaman af starfinu og við og vonum að þau haldi sem flest áfram uppí nýliðadeild og verði að öflugu björgunarsveitafólki í framtíðinni.

Auk þess fóru tveir af umsjónarmönnum okkar á Landsfund umsjónarmanna á Akureyri síðasta haust, sem var bæði fróðlegur og skemmtilegur.

Umsjónarmenn Unglingadeildar

Sindri Valtýsson
Garðar Gíslason

Íris Eir Jónsdóttir

Helgi Birkis Huginsson

Iliyan Nikolaev Damyanov

Sara Dís Hafþórsdóttir